



Minnisblað

Varðandi: Fjárhagsáætlun 2022
Málsnr. 2106179
Dags.: 2. febrúar 2022

Efni: fjármagn vegna fjölgunar barna á leikskólum Akraneskaupstaðar miðað við fjárhagsáætlun.

Í fjárhagsáætlun fyrir leikskólana árið 2022 var gert ráð fyrir 425 börnum en áætlun tók mið að tiltölulega fámennum 2020 árgangi og fjölda barna á leikskólum í byrjun árs 2021.

Nú er staðan sú að í dag eru 426 börn á leikskólum og fimm börn bíða eftir lögheimilisflutningi og inntöku á leikskóla. Teigasel mun taka við fjórum af þessum börnum á tímabilinu febrúar apríl og enn gæti fjölgað á þeim biðlistum.

Frá áramótum hefur átta beiðnir um leikskólapláss hjá Akraneskaupstað borist.

Í byrjun janúar 2021 voru 417 börn í leikskólunum og í apríl sama ár voru börnin 423.

Í janúar 2022 voru börnin 419 en nú í byrjun febrúar eru þau 427 og stefna í að verða í apríl nk. a.m.k. 431.

Til þess að geta mætt óskum foreldra fjögurra barna sem munu flytja á næstu vikum á Akranes um leikskólapláss og til þess að hafa tvö pláss til að mæta mögulegum umsóknum fram á vor, er óskað eftir viðbótarfjármagni inn á Teigasel frá og með 1.mars.

Samkvæmt upplýsingum frá deildarstjóra fjármála er kostnaður laun og launatengd gjöld frá 1. 3. – 31.12. 2022 kr. 6.9 millj.

Virðingarfyllst,

Valgerður Janusdóttir
sviðsstjóri